20.11.2026

Myllan hefur ákveðið með tilliti til neytendaverndar og í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að innkalla Evu Laufeyjar Jólasmákökudeig þristakökur vegna mögulegs aðskotahlutar. Málmloka sem notuð er til þess að loka deiginu fannst í deigrúllu.

Neytendum er bent á að neyta ekki Evu Laufeyjar Jólasmákökudeigs, þristakökur heldur farga þeim eða skila í verslanir þar sem það var keypt eða til Myllunnar Blikastaðavegi 2.

Tegund innköllunar: Varan inniheldur mögulega málmloku sem notuð er til þess að loka vörunni.
Vöruheiti: Eva Laufey Jólasmákökudeig, þristakökur
Vörunúmer: 1986
Umbúðir: Askja, plastrúlla
Nettóþyngd: 500 g
Framleiðandi: Myllan
Lotur: Allar lotur
Strikanúmer: 5690568019863
Dreifing: Verslanir Hagkaupa, Bónus og Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki.



Frekari upplýsingar fást hjá gæðadeild Myllunnar (gaedastjori@myllan.is / s. 5102300)